

Gunnlaugi þann 4. febrúar 1960 og samþykktum af stefnanda Úlfari til greiðslu 1. október 1960, að fjárhæð kr. 135.000.00. Þá ber stefnda og að endurgreiða stefnendum kr. 82.414.45 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 767.95 frá 1. marz 1960 til 6. apríl 1960, af kr. 81.356.85 frá þeim degi til 31. maí 1960 og af kr. 82.414.45 frá þeim degi til 29. desember 1960 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 65/1961. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn

Arnþóri Pálssyni (Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Skaptason, sýslumaður Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa bifreiðaeftirlitsmennirnir Sigurður Indriðason og Svavar Jóhannsson mætt í sakadómi Akureyrarkaupstaðar og gefið þar vitnaskýrslu.

Vitnið Sigurður Indriðason „kveðst ekki minnst þess að hafa fundið af sakborningi áfengislykt, en hins vegar virtist vitninu hann vera undir áhrifum áfengis, var hann slapplegur. Vitnið kveðst ekki minnst þess að hafa séð hann reika í spori“.

Vitnið Svavar Jóhannsson kveður „aðspurt um einkenni áfengisáhrifa sakbornings, að þau hafi lýst sér þannig, að sakborningur var slappur og daufur í andliti, auk þess fann vitnið af honum áfengislykt. Vitnið kveðst ekki hafa séð sakborning reika í spori“.

Þá hefur Jóhann Þorkelsson héraðslæknir ritað bréf til Dómsmálaráðuneytisins 15. febrúar 1961 um rannsókn þá, er fram fór á blóði ákærða. Þar segir m. a.: „Bókfært hjá mér er aðeins, að alkoholinnihald hafi verið 0.5‰.

Rannsóknina gerði fyrir mína hönd Ragnar Ólason efnafræðingur og forstjóri á Akureyri, og er hann þaulvanur að gera þessar rannsóknir. Hann kveðst ekki geta fullyrt neitt um, hve mikið frávikið hafi verið frá 0.5‰ eða hvort það hafi verið nokkuð, en öruggt sé þó, að meira alkóhól hafi mælt en 0.45‰ og minna en 0.55‰“.

Pegar litið er til þessara læknisgagna, þykir ekki verða staðhæft, að áfengismagn í blóði ákærða í framangreint skipti hafi náð því lágmarki, sem getur í 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af þessum sökum og með hliðsjón af öðrum gögnum ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Árnþór Pálsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Dagfinnssonar og Hauks Jónssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Þingeyjarsýslu 25. október 1960.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans, dagsettu 5. október 1960, gegn Arnþóri Pálssyni verkamanni, til heimilis að Ásbyrgi í Raufarhöfn, fyrir að hafa um kl. 02.40 aðfaranótt sunnudagsins 29. maí s.l., undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni U 135 nokkurn spöl frá Laugum í Reykjadal.

Brot ákærða er talið varða við 2. og 3. mgr. 25. gr. sbr. 80.

gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur í Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu 2. marz 1938.

Hann hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1959 23/2 Vestmannaeyjum: Sátt, kr. 150.00 sekt fyrir ölvun.

1959 5/8 Þingeyjars.: Sátt, kr. 200.00 sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru sem hér greinir:

Laugardaginn 28. maí s.l., um kl. 19.00 fór ákærði ásamt Geiri Arngrími Hreiðarssyni frá Raufarhöfn að Laugum í Reykjadal. Fóru þeir í bifreið Geirs, U 135, og ók Geir bifreiðinni. Á leiðinni kveðst ákærði hafa drukkið nokkuð af óblönduðu koniaki, eða ca 3 góða snapsa, að því er hann telur. Segir hann það hafa verið um kl. 22.30—23.00. Var ákærði síðan á dansleik að Laugum um kvöldið án þess að neyta frekara áfengis, en um kl. 02.30 um nóttina lagði hann af stað til Bólstaðar í Bárðardal í bifreiðinni U 135 ásamt Geiri Hreiðarsyni og Tryggva Höskuldsyni frá Bólstað. Ók ákærði nú bifreiðinni, með því að Geir og Tryggvi voru báðir ölvaðir, en hann taldi sig eigi lengur undir áhrifum áfengis, þar sem svo langt var liðið, frá því hann neytti áfengisins.

Skömmu eftir að ákærði ók af stað, var hann stöðvaður af bifreiðaeftirlitsmönnum, sem voru við eftirlitsstörf í sambandi við dansleikinn. Sýndist bifreiðaeftirlitsmönnum ákærði vera daufur til augna og slapplegur og töldu sig finna af honum áfengislykt. Létu þeir hann blása í öndunarpoka, og sýndi glasið litarbreytingu. Var ákærði þá færður til læknis og af honum tekið blóðsýnishorn. Reyndist vera í því 0,5‰ reducerandi efni (alkohol).

Ákærði hefur með framangreindu athæfi sínu, sem sannað er með framburði bifreiðaeftirlitsmanna, blóðrannsókn og eigin játningu, gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæruskjalinu greinir og hér að framan eru skráð.

Refsing hans samkvæmt 80. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin kr. 2.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði frá

20. september s.l. að telja, en þá var ökuleyfið af honum tekið með úrskurði við rannsókn máls þessa. Er ökuleyfisviptingin samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Arnþór Pálsson, greiði krónur 2.000.00 í sekt til ríkissjóðs, komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Hann er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá 20. september 1960 að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1962.

Nr. 63/1962. **Sigurður Sigurðsson** (Kristján Eiríksson hdl.)
gegn

Guðmundi S. Sigurðssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Um eignarrétt að íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1962 og krafizt þess, að dæmt verði, að hann sé eigandi að 37.5% íbúðar á annarri hæð hússins nr. 33 við Bergþórugötu í Reykjavík auk hlutdeildar í óskiptanlegum hlutum hússins, og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1962 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gögn þau, sem aðaláfrýjandi hefur fært fram, fá eigi